

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005 frá 15. mars 2005 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2006 og notkun hlutúrtaks við gagnasöfnun um formgerðarbreytur ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/288/EB frá 18. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 97/80/EB um framkvæmdarákvæði tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 448/2005 frá 15. mars 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3880/91 um að aðildarríki sem stunda fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi leggi fram aflskýrslur ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ah (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005):
„18ai. **32005 R 0430**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005 frá 15. mars 2005 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2006 og notkun hlutúrtaks við gagnasöfnun um formgerðarbreytur (Stjtið. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 36).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 88, 7.4.2005, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 74, 19.3.2005, bls. 5.

„- **32005 D 0288**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/288/EB frá 18. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 88, 7.4.2005, bls. 10).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 25a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3880/91):

„- **32005 R 0448**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 448/2005 frá 15. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 74, 19.3.2005, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 430/2005 og 448/2005 og ákvörðunar 2005/288/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.